

Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins um að nýta metangas sem SORPA framleiðir á metanvagna Strætó bs.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins leggur til að borgarstjórn samþykki að álykta um að SORPA hætti brennslu á metani og að það verði þess í stað nýtt sem eldsneyti t.d. á metanvagna Strætó bs.

Greinargerð

Um er að ræða tvö byggðasamlög sem Reykjavíkurborg á meirihluta í. Tillagan gengur út á að byggðasamlagið Strætó bs. noti metan á strætisvagna sem byggðasamlagið SORPA framleiðir en nýtir ekki. Strætó bs. á tvo metanvagna. Metan er á söfnunarstað verðlaust og er brennt. Í ljósi þess að metan er til hér er eðlilegt að borgarstjórn fari fram á að þessi tvö fyrirtæki hafi samráð um að annað nýti efni sem hitt framleiðir. Hér er verið að tala um hagræðingu og sparnað. Við þessa tilhögun minnkar sú sóun sem felst í því að brenna metani á báli og á móti er dregið úr innflutningi á eldsneyti.

Samkvæmt upplýsingum frá Strætó bs var í nýju útboði óskað eftir tilboðum í vetnisvagna. Það er sérkennilegt að ekki er óskað eftir tilboðum í vagna sem nýta metan jafnvel þótt hér sé framleitt metan sem ekki er nýtt. Vetni myndar vissulega ekki mengunarefni í borginni en það er ekki framleitt hér. Rafgreining á vetni er dýr og myndi þurfa að flytja vetnið inn.

Í Álfsnesi er urðað og þar verður gassöfnunin til. Metangasið myndast við að náttúrulegar bakteríur brjóta niður lífrænt efni í haugnum. Metanið er orkuríkt, en einnig slæm gróðurhúsalofttegund eða um 30 sinni áhrifameiri en koltvísýringur. Sé það ekki nýtt er betra að brenna gasinu en að leyfa því að stíga út í andrúmsloftið því við bruna á metani myndast koltvísýringur og vatnsgufa. Skynsamlegt væri að Strætó bs. fjárfesti í fleiri metanvögnum og nýtti gasið frá SORPU. Þar sem Reykjavíkurborg á meirihlutann í báðum þessum byggðasamlögum, Strætó bs. og SORPU ætti borgin að geta haft einhverja skoðun á því hvernig þeim er stjórnað þegar kemur að hagræðingu og sparnaði. Í svari frá Strætó bs. við fyrirspurn um málið kom fram að fyrirtækið hefur óskað eftir tilboðum í vetnisbíla en ekki metanbíla þegar nóg er til af metani. Vitað er að rafgreining á vetni er dýr.

Almennt séð þá er vont til þess að vita að SORPA skuli ekki geta selt allt það metangas sem hún framleiðir og í þess stað þurfi að brenna því engum til gagns. Það er óskiljanlegt af hverju annað fyrirtækið getur ekki nýtt sér það sem hitt framleiðir, fyrirtæki sem eru bæði í eigu borgarinnar. Það er rökrétt að reyna að nýta metangasið á stóra bíla, þar sem illa hefur gengið að koma því á almenna bílaflotann. Að nota gasið á strætisvagnana er því sjálfsagt mál. Það er sóun að brenna gasinu til einskis nema í þeim tilgangi að minnka gróðurhúsaáhrifin að sjálfsögðu. Metangasframleiðsla í Álfsnesi árið 2014 samsvaraði 2,2 milljónum bensínlíttra og hefur varla minnkað síðan. Parna er nægt gas til að nýta á fjölmarga stóra bíla sé vilji til.